

**Nd.**

**85. Breytingartillögur**

**[15. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Jónasi Rafnar, Helga Jónassyni og Pétri Ottesen.

1. Við 1. gr.

a. Á undan 1. gr. komi ný grein, er verði 1. gr., svo hljóðandi:

Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein, er verði 10. gr., svo hljóðandi:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum allt að tveim fimmtu, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

Ef í hlut á sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi, þriðja á Austurlandi og hið fjórða á Suðurlandsundirlöndinu, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar. Ef bæjar- eða sýslufélag það, sem fjórðungssjúkrahús er reist í, óskar þess, er ráðherra heimilt að gera það að skilyrði viðurkenningar sinnar, að öll þau sveitarfélög í grennd sjúkrahússins, er ætla má, að hafi þess samsvarandi not, takist á hendur eign og ábyrgð fyrirtækisins og gerist aðilar að rekstri þess samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Þegar byggingarstyrkur ríkissjóðs til sjúkrahúss er ákveðinn, skal miða styrkinn við eðlilegan kostnað af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og naglföstu, en án kostnaðar af lóð. Með múr- og naglföstu skal telja öll meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, sem notast eiga til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélar í þvottahúsi, svo og, þegar um er að ræða 20 rúma sjúkrahús og stærri, aðalröntgentæki, enda sé búnaður þess við hæfi sjúkrahússins.

b. 1. gr. frv. verði 2. gr., og upphafsmálsliður hennar orðist svo:

Á eftir 9. gr. laganna komi önnur ný grein, er verði 11. gr., svo hljóðandi:

2. Við 2. gr. Greinin verði 3. gr. og orðist svo:

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 33 12. febr. 1945, lög nr. 24 20. apríl 1949 og lög nr. 24 16. febr. 1953.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella efnismálgreinar 1. og 2. gr. þeirra inn í meginmál laga nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., og gefa þau út að nýju með fyrirsögn: Sjúkrahúsalög.

Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt lögum þessum greiðist í fyrsta skipti fyrir árið 1953, en samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1954 og þannig áfram.